

Myndbandið “Íslenska geitin”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- grunnorðaforði í kringum geitur
- útlit
- helstu eiginleikar íslensks geitfjár
- hvernig nýttist íslenska geitin okkur áður fyrr, hvernig nýtist hún okkur í dag?

Íslenskar geitur eru *landnámskyn*: Þær hafa verið til á Íslandi frá 9. öld og byggir erfðæfnið sitt á mjög gömlum grunni – sem er einstakt á heimsvísu. Íslendingar hafa aldrei flokkað búfé sitt niður í kyn með staðalútlit og bannað allt annað (t.d. ákveðna liti eða hornalag), ólíkt flestum öðrum löndum. En ólíkt öðrum löndum voru geitur aldrei fleiri en um 4.000 gripir og um miðja 20. öld voru eingöngu um 100 geitur eftir. Sameiginlegt átak bjargaði geitinni frá útrýmingu og stofninn er aftur kominn yfir 2.000 gripi (2026). Þrátt fyrir þennan “flöskuháls” býr íslenski geitastofninn yfir talsverðum fjölbreytileika:

- nærri allir litir sem geitfé getur líffræðilega verið með,
- bæði kollótt, hnýflótt (með litla hornastubba) og hyrnt

Þótt þær hafi aldrei verið margar, hafa geitur sett sinn svip á íslenska (bænda-)samfélagið og mörg örnefni og einnig nokkrir málshættir eru tengdir þeim.

Þrátt fyrir að geitur séu erfðafræðilega mjög líkar sauðkindum, er hegðun og eðli geita að mörgu leyti allt öðruvísi. Þess vegna *má ekki rugla sauðkindum og geitum saman*. Geitur eru yfirleitt mjög greindar og afar mannelskar en á sama tíma sjálfstætt hugsandi; þessi mikli munur er mjög augljós í beinum samskiptum við þær. Þær sækja auk þess mjög í kletti og háfjöll þrátt fyrir að vera frekar viðkvæm fyrir rigningu þar sem þær eru með frekar gisinn feld.

Meira um íslensku geitina (því miður er mjög lítið til um hana enn):

- Ritgerð “Íslenska geitin” eftir Höllu Eygló Sveinsdóttur (1993): hdl.handle.net/1946/13303
- Ritgerð “Nýting geita á Íslandi fyrr og nú” eftir Láru Hrund Bjargardóttur (2010): [solr.skemman.is/bitstream/1946/7103/1/BS – ritgerð Lára Hrund Maí 2010.pdf](https://solr.skemman.is/bitstream/1946/7103/1/BS-ritgerð%20Lára%20Hrund%20Maí%202010.pdf) (Ath.: Skjalið er öruggt þrátt fyrir viðvörun að það sé ekki tilfellið.)
- Ritgerð “Þróun geitahalds á Íslandi” eftir Heiðu Ösp Sturludóttur (2019): hdl.handle.net/1946/33479
- Fjársjóður-myndband: “Búfjartegundir á Íslandi í dag – berum þær aðeins saman!”
- Fjársjóður-myndband: “Hvernig verður mjólkinn til - hluti 3”
- Facebook-hópur “Geitabændur”
- Geitfjársetur Háafelli í Borgarfirði (Vesturlandi): geitur.is
- Brúnastaðir í Fljótum (Norðurlandi), geita- og sauðfjárbú með húsdýragarði og geitaostagerð: brunastadir.is
- Geitagott á Lynghól í Skriðdal (Austurlandi), geita- og sauðfjárbú með geitaostagerð, kennarar og skólabörn velkomin í fræðandi heimsókn: facebook.com/geitagott

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Hvað heitir karlkyns geit?
- Hvernig þekkir þú í sundur kvendýr og karldýr?
- Eru allar geitur hyrndar?
- Hvað heita hárin á geitinni?
- Af hverju vilja geitur helst ekki vera úti í rigningu?
- Hvaðan stafar orðatiltækið “ekki fara í geitahús að leita ullar”?
- Hvað heita hárin sem eru kölluð “þel” á sauðfé?
- Heita ungar geitur líka lömb?
- Hver er munurinn á sauðkindum og geitum?
- Eru flestar geitur hvítar?
- Eru geitur yfirleitt styggar eða gæfar?
- Hvað kom ykkur mest á óvart í þessu myndbandi?
- Hvað fannst ykkur skemmtilegast?
- *Í sveitinni:* Hefurðu nokkurn tímann smakkað geitamjólk?
- *Í borginni:* Hefurðu nokkurn tímann séð geit?

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net